

Starfslýsing fyrir handleiðara kandiðata (educational supervisor)

Læknakandiát hefur einn handleiðara fyrir sjúkrahúshluta kandiðatasársins og annan handleiðara fyrir heilsugæsluhluta kandiðatasársins. Handleiðari fyrir sjúkrahúshluta kandiðatasárs er leiðbeinandi kandiðats og hjálpar honum að mæta lágmarkskröfum fyrir kandiðatsárið.

- Þeir hittas a.m.k. tvisvar sinnum á kandiðatsárinu.
- Handleiðari fer yfir matsblöð í ePortfolio með kandiðat, gerir samantektarblað (summary TAB) í ePortfolioinu þegar þverfaglegumati er lokið og sendir til kandiðats (release to trainee).
- Læknakandiát gerir a.m.k. tvær íhuganir (reflective practice) í ePortfolioinu og saman ættu handleiðari og kandiðat að ræða þessi tilfelli.
- Handleiðari hefur samband við verkefnastjóra kandiðata á menntadeild eða kennslustjóra kandiðata ef ástæða er til. Trúnaður handleiðara er þó ávallt við kandiðatinn.

Handleiðari kandiðats þarf að:

1. Þekkja marklýsingu (curriculum) fyrir starfsnám kandiðata í grófum dráttum.

2. Þekkja skilyrði fyrir viðurkenningu á kandiðatsári.

3. Eiga **fund með kandiðat í upphafi kandiðatsárs** (á öðrum mánuði spítalahlutans). Sjá ýtarlegri útskýringar í tékklista fyrir handleiðarafundi sem er á heimasíðu kandiðata, undir kandiðatinn í starfi, Handleiðarar.

- Opna ePortfolio (www.nhseportfolios.org).
- Opna og fylla út í eyðublaðið: **Combined Induction Meeting with Clinical Supervisor & Initial meeting with Educational Supervisor**
 - Velja Joint educational and clinical supervisor
 - Ræða hvaða efni marklýsingarinnar námslæknir ætlar að vinna í á næstu mánuðum
- Skoða undir **Trainee Home - Summary overview**
 - Er kandiðat byrjaður að gera þverfaglegt mat (TAB)
 - Eru komin einhver MiniCEX
 - Eru komin einhver DOPS
 - Eru komin einhver MCR
- Skoða þá/þær íhuganir sem námslæknir hefur gert (Reflection) – vinstra megin á skjáborði
- Er kandiðat búin að tengja (link) matsblöð við marklýsinguna (curriculum)
 - Skoða undir flípanum vinstra megin á síðunni: “Curriculum and PDP” og velja „Iceland Training Programme (FP Curriculum 2012 (updated for August 2015)) og þá sést hvort kandiðat hefur tengt matsblöð við undirkafla í marklýsingunni.

4. Eiga fund með kandídat undir lok kandídatárs

Slíkur fundur ætti að vera á næst síðasta eða síðasta mánuði spítalahluta kandídatársins. Það er á ábyrgð kandídat að bóka viðtalstíma með ykkur. Þá á kandídat að hafa lokið öllum matsblöðum og þverfaglega matið (TAB: Team assessment behaviour) á að vera fullgert.

- Opna ePortfolio (www.nhseportfolios.org).
- Opna og fylla út í eyðublaðið: **Educational Supervisor's End of Year Report**

5. Ef ástæða er til og handleiðari og kandídat eiga fleiri fundi má gjarnan skrá þá í ePortfolio undir „**Mid-placement review**“.

Öll skjöl sem hér er vísað í er hægt að finna á heimasíðu kandídata:

<http://www.landspitali.is/visindi-og-menntun/menntun-heilbrigdisstetta/laeknakandidatar/>

eða í ePortfolio (rafræna skráningarkerfið www.nhseportfolios.org). Allir handleiðarar fá sent „username“ í júní árlega fyrir ePortfolio. Ef handleiðari hefur gleymt lykilorði sínu er hægt að velja „Forgot Password“ sem er hnappur hægra megin við „Log In“ hnappinn á forsíðu ePortfolio.

Þeir sem þegar hafa aðgang að þessu kerfi í gegnum námsprógröm deildarlækna nota sitt hefðbundna „username“ og „login“. Ef velja svo „select role“ efst vinstra megin og velja „Iceland Educational Supervisor“.

Skammstafanir:

TAB: Team assessment behaviour

SLE: Supervised Learning Events

- MiniCEX: Mini-clinical evaluation exercise for learning (mini-CEX) SLE
- DOPS: Direct Observation of Procedural Skills (DOPS) SLE

MCR: Multiple Consultant Report (MCR)